

Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnueggjum hf.

2020



Efnisyfirlit:

	<i>bls.</i>
1. Yfirlýsing stjórnar	2
Frávik á sviði umhverfismála	
Undirritun stjórnar félagsins	
2. Staðfesting endurskoðanda	4
Staðfesting og áritun PWC	
3. Almennar upplýsingar	5
Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit	
Stjórn félagsins	
4. Umhverfisstefna Stjörnueggja hf.	6
5. Lykiltölur um umhverfismál	7
Hráefnis og auðlindanotkun	
Framleiðsluferill starfseminnar	
Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur	

1. Yfirlýsing stjórnar:

Frávik á sviði umhverfismála 2020

Framleiðsla félagsins minnkaði um 7% í kg talið á milli ára. Afkoma félagsins var því töluvert minni en áætlað var en þar spilar helst inn í að öll aðföng hækkuðu verulega sem og laun og framleiðslukostnaður.

Miklar framkvæmdir eru enn í gangi við breytingar á húsnæðum og innréttingum, frá búrhæsum yfir í lausagöngu en slíkt krefst mun meira gólfpláss en við rekstur búrhæsa. Fóðurnotkun minnkaði lítillega á árinu. Önnur hráefnisnotkun s.s. orka, og vatnsnotkun sömuleiðis. Urðun líkamsleifa jókst aðeins á milli ára vegna fækkunar á fuglum í endurnýjunarferli en að öðru leyti var lítið um afföll og er því góðu heilbrigði og búskaparháttum að þakka. Losun seyru (saur og hland) minnkaði á milli ára. Starfsemin er og hefur verið í jafnvægi og litlar sveiflur á hráefnisnotkun á milli ára sem og framleiðslu. Öll seya fór til áburðardreifingar að Geldingá.

Starfsemin er miðuð við 60.000 fjölda hæsna í lausagöngu. Allur tækjabúnaður sem notaður er við fóðrun dýranna er vel viðhaldið og engar stórvægar bilanir eða óhöpp komið upp á. Góð staðbundin þekking á gangvirkni búnaðar er til staðar.

Ekki er um að ræða nein tilfelli um mengunaráhöpp né annað er hafði áhrif á rekstur eða umhverfi.

Verulegar breytingar og uppfærslur á tæknibúnaði hafa verið framkvæmdar á síðustu árum sökum breyttar aðbúnaðarreglugerðarstarfsemi sem felast í að nýta orkugjafa sem best og finna sparnaðarleidir. Búið fær heitt vatn frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Búið notar kalt vatn frá eigin vatnsbóli í landi Vallár. Vatnsleiðslan er um 800 m. löng frá vatnsóli. Ekki er vitað nákvæmlega um heildarnotkun á köldu vatni sem nýtt er hverju sinni. Hægt er þó að áætla það nokkurn veginn út frá þeirri þumalputta reglu að vatnsnotkun sé 1,5 sinnum hærri en fóðurnotkun.. Við þetta bætist síðan neysluvatn fyrir ábúendur á Vallá (40-50 manns) Hræ hæsna sem drepast og þeirra sem þarf að aflífa á eldistímanum eru keyrð í gámum á viðurkennda urðunarstöð Sorpu í Álfsnesi í Reykjavík.

Stjórn fyrirtækisins staðfestir hér með upplýsingar sem fram koma í skýrslu þessari.

Vallá 1.7.2021

Fh.
Stjórnar Stjörmuegg hf.

Hallfríður Kristín Geirsdóttir
Kt:140270-3939

Hjördís Gissuadóttir
Kt: 171250-2269

Geir Gunnar Geirsson
Kt: 070845-2619

Staðfestingaskýrsla óháðs endurskoðanda

Stjórnuegg hf.

Staðfestingaskýrsla sem veitir takmarkaða vissu um að grænt bókhald vegna starfsemi Stjórnueggs hf. að Vallá sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Ályktun

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Stjórnueggja hf. Byggt á þeim aðgerðum, sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að grænt bókhald Stjórnueggja hf. sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingarvinnu okkar felur í sér skoðun á grænu bókhaldi Stjórnueggja hf. í þeim tilgangi að gefa niðurstöðuskýrslu sem felur í sér takmarkaða vissu um að grænt bókhald Stjórnueggja hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Stjórnueggja hf. fyrir árið 2020 og borið það saman við fjárhagsbókhald félagsins.

Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3410 sem á við um staðfestingarvinnu á grænu bókhaldi. Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum “Ábyrgð endurskoðanda” í þessari skýrslu.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

Óhæði og gæðastjórnun

Við erum óháð Stjórnueggjum hf. í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðanda.

Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC 1 og í samræmi við það er alhliða kerfi gæðaeftirlits viðhaldið, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Aðgerðir

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaldið faglegri tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3410, siðareglur og óhæðisreglur.

Skoðanir okkar samanstóðu m.a. af eftirfarandi:

- i. Yfirferð á að tölur, sem eru settar fram í skýrslu um grænt bókhald, séu í samræmi við fjárhagsbókhald Stjórnueggja hf. Undirgögn voru skoðuð og fyrirspurnir sendar stjórnendum ef um var að ræða verulegar breytingar á liðum milli ára.

- ii. Að bera kennsl á og meta áhættuna á verulegum rangfærslum á grænu bókhaldi Stjörnueggja hf. fyrir árið 2020, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, að hanna og framkvæma staðfestingarvinnu sem náði yfir skilgreinda áhættu og afla staðfestingargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja ályktun okkar á. Meiri hætta er á að verulegar skekkjur vegna sviksemi uppgötvist ekki fremur en skekkjur vegna mistaka. Ástæða þess er að sviksemin er hönnuð til þess að komast ekki upp, m.a. með ólögmetu samráði, fölsunum, vísvitandi gáleysi, rangfærslum eða sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.
- iii. Að öðlast skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir staðfestingarvinnuna til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta í ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Önnur atriði

Staðfestingarvinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í skýrslu Stjörnueggja hf. um grænt bókhald fyrir árið 2020 en þær sem að ofan greinir. Ályktun nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Ábyrgð stjórnar

Stjórn Stjörnueggja hf. ber ábyrgð á að framsetning græns bókhalds Stjörnueggja hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur ber stjórn ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu á grænu bókhaldi Stjörnueggja. Þannig að grænt bókhald félagsins sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg víska fái um að grænt bókhald Stjörnueggja hf. sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vissu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar grænu bókhaldi Stjörnueggja hf. Takmörkuð víska veitir ekki eins mikla vissu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar víska.

Skekkjur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulegar ef þær eru, bæði að hluta og í heild, taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notanda skýrslunnar byggða á grænu bókhaldi Stjörnueggja hf. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðréttá mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík 1. júlí 2021

Vignir Rafn Gíslason
Löggiltur endurskoðandi

3. Almennar upplýsingar.

Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit.

Starfsleyfishafi er Stjörnuegg hf, Vallá, 162 Reykjavík, kt: 630191-1579
Útgefandi starfsleyfis fyrir Stjörnuegg hf. er Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur en Umhverfisstofnun hefur tekið yfir sem eftirlitsaðili á haustmánuðum 2018

Númer fyrirtækjaflokks samkvæmt fylgiskjali með reglugerðinni er: **6.6. liður b.**

Í stjórn Stjörnueggja hf. sitja eftirfarandi aðilar:

Geir Gunnar Geirsson Vallá, 162 Reykjavík kt. 070845 - 2619
Hjördís Gissurardóttir Vallá, 162 Reykjavík kt. 171250 - 2269
Hallfríður Kristín Geirsdóttir, 200 Kópavogi kt. 140270 - 3939

Starfsemi fyrirtækisins er eggjaframleiðsla og er hænsnabú fyrirtækisins á Vallá með starfsleyfi fyrir 60.000 hænum. Með því að auka þekkingu og skilning starfsmanna, og með stöðugum umbótum í umhverfismálum, stefnir Stjörnuegg hf. að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið, hámarksnýta hráefni (fóður, orku og vatn bæði heitt og kalt) og minnka úrgang eftir því sem frekast er unnt.

Þessir þættir starfseminnar verða þungamiðja upplýsingaöflunar okkar fyrir “Grænt bókhald” fyrirtækisins í framtíðinni. Það er stefna Stjörnuegg hf. að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í fullri sátt við umhverfi sitt. Fyrirtækið umgengst auðlindir og umhverfi af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda. Við stefnum að hámarksnýtingu hráefna og orkugjafa. Við losun úrgangs er þess fyllilega gætt að hann valdi ekki skaða í náttúru eða umhverfi. Starfsmenn fyrirtækisins eru meðvitaðir um umhverfisstefnu þess og framfylgja henni í samráði við stjórnendur og eigendur fyrirtækisins.

Stjörnuegg hf. vill vera umhverfisvænt fyrirtæki. Með því tekur það þátt í þeirri ábyrgð að skila heilbrigðu umhverfi til næstu kynslóða. Tilgangur með umhverfisstefnu og “Grænu bókhaldi” okkar er fjórþættur:

- Lágmarka losun á óæskilegum úrgangi frá starfseminni út í umhverfið.
- Auka nýtingu vatns og orku t.d. með innlendum orkugjöfum.
- Bæta hráefnisnýtingu eftir því sem kostur er (t.d. fóður og vítamín)
- Að vera snyrtilegur starfsvettvangur sem sé umhverfinu, eigendum og starfsmönnum okkar til sóma.

4. Almennt um umhverfisstefnu Stjörnuegg hf.

Við hjá Stjörnuegg hf. munum kappkosta að fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál. Við munum fræða, þjálfa og hvetja alla starfsmenn okkar til að vinna verk sín á umhverfisvænan hátt ásamt því að vakta og stýra mikilvægum umhverfisþáttum til að lágmarka óæskileg umhverfisáhrif af völdum starfseminnar.

Við ætlum okkur að framkvæma þetta m.a. með því að:


- Vinna stöðugt að bættri nýtingu orku og hráefna
- Lágmarka loftmengun og rykmengun eins og kostur er.
- Lágmarka magn líkamsleifa sem fara til urðunar.
- Lágmarka hættu á jarðvegmengun af völdum úrgangs s.s. saur, hland og líkamsleifa.

Jafnframt þessu munum við taka fullt tillit til umhverfisáhrifa þegar eftirfarandi þættir starfseminnar fara fram:

- Val á nýjum framleiðsluferlum.
- Vörubrúun og markaðssetningu afurða okkar til neyslu í nærumhverfi.
- Minnkun á plastnotkun, úrgangi og sorpi við öll innkaup og starfsemi.
- Innkaup á hráefnum til framleiðslunnar og nýtingu á innlendu hráefni.
- Sölu afurða til viðskiptavina.
- Framkvæmdir við viðhald og nýbyggingar á staðnum
- Færa grænt bókhald og birta í ársskýrslu fyrirtækisins.
- Endurskoða umhverfisstefnuna reglulega með úrbætur í umhverfismálum að leiðarljósi.
- Lágmarka kolefnisfótspor félagsins með gróðursetningu trjáa og endurheimt votlendis þar sem völ er á.

5. Lykiltölur um umhverfismál – Hráefnis- og auðlindanotkun.

Framleiðsluferill starfseminnar er þessi:



Saltvík: Stofnfuglar
Sætún: Ungauppeldi.
Vallá: Varphænur.
Brautarholt: Varphænur.

Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur:

Eftirfarandi upplýsingar eru m.a.fengnar úr bókhaldi félagsins fyrir 2020 í samanburði við sambærilegar upplýsingar fyrir árin á undan.

Hér koma upplýsingar um meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á bókhaldstímabilinu sbr. 7 gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Þá er enn fremur hér að finna tölulegar upplýsingar um urðun líkamsleifa og losun úrgangsefna (seyra).

		2020	2019
Framleiðsla	Tonn	1.371,5	1.492,8
Rafmagn	kWh	545.431	571.313
Fóðurnotkun	Tonn	3.457,5	3.544,6
Olíunotkun	Lítrar		
Kalt vatn	m3	5.186,2	5.316,9
Seyra	m3	870	900
Líkamsleifar	Tonn	116,5	137,4

Undirritunarsíða

f.h. PwC ehf.
Vignir Rafn Gíslason



Undirritað af:
Vignir Rafn Gíslason
1404675379
Dags: 01.07.2021
Tími: 20:39:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1c0ff81e-
f49f-4209-a7fa-
6fff7208015f

f.h. Stjörnueggs hf.
Hallfríður Kristín Geirsdóttir



Undirritað af:
Hallfríður Kristín
Geirsdóttir
1402703939
Dags: 01.07.2021
Tími: 16:54:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1c0ff81e-
f49f-4209-a7fa-
6fff7208015f

f.h. Stjörnueggs hf.
Geir Gunnar Geirsson



Undirritað af:
Geir Gunnar Geirsson
0708452619
Dags: 01.07.2021
Tími: 17:00:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1c0ff81e-
f49f-4209-a7fa-
6fff7208015f